

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ	Valið lokaverkefni - VLVV3LR05 Námsáætlun haust 2019	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennarar	Óskar Ingi Sigurðsson	Sk.st.	ÓSI
	Guðmundur Ingi Geirsson		GUM

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga vinna nemendur lokaverkefni þar sem þeir nýta þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í hinum ýmsu þáttum námsins. Nemendur velja verkefni í samvinnu við kennara í upphafi annar og gera þvínæst verk- og kostnaðaráætlanir og önnur gögn er verkið varða. Æskilegt er að verkefni tengist atvinnulífinu og sé unnið í samstarfi við fyrirtæki en það getur einnig verið hreint skólaverkefni sem tengist vinnu nemenda í öðrum áföngum. Í upphafi áfanga er mikilvægt að nemendur fái sameiginlega kynningu á aðferðafræði verkefnavinnunnar og þeim kröfum sem skólinn gerir varðandi gæði verkefna, faglega breidd og dýpt, umfang, efnistöð, framsetningu, frágang. Gert er ráð fyrir að nemendur vinni ýmist einir sér eða tveir saman að lokaverkefni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð nemenda en nauðsynlegt er að þeir hafi aðgang að kennurum og e.t.v. einnig aðilum í atvinnulífinu sem gætu veitt leiðsögn í verkefnavinnunni. Í lok áfangans leggja nemendur fram verkefni sín og kynna þau innan skólans.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vinnubrögðum við undirbúning og framkvæmd sjálfstæðrar verkefnavinnu
- öryggis- og reglugerðarákvæðum sem verkið varða

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera vinnulýsingar og vinnuteikningar
- framkvæma viðeigandi prófanir og mælingar vegna verkefnisins
- velja efni, búnað og aðferðir við hæfi
- skrifa greinargóða skýrslu um verkefni

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- afla sér viðeigandi upplýsinga og nýta sér leiðsögn og ráðgjöf annarra
- útfæra og vinna eftir verkáætlun, vinnulýsingu, teikningum o.s.frv.
- gera öðrum grein fyrir verkefni sínu, kynna það og útskýra einstaka þætti þess
- setja sér markmið og gera verk- og kostnaðaráætlanir

Námsgögn og vægi námsþátta:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Valið lokaverkefni - VLVV3LR05 Námsáætlun haust 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		


Námsmat	Lýsing	Vægi	
Skriflegt	Vinnudagbók	20%	
	Lokaverkefni (skýrsla, ritgerð)	30%	
Verklegt	Loka-afurð (tæki eða búnaður)	40%	
	Lokakynning verkefnis	10%	

Ef vinnudagbók er ekki skilað á réttum tíma dragast 5% frá fyrir hvert skipti.

Til að áfangi sé metinn til lokaeinkunnar þarf að skila vinnubók, skýrslu og tæki (lokaafurð)

Vika	Lokaverkefni	Verkefni
34-35.	Kynning á áfanganum og vinnutilhögun	
36.	Nemendur tilkynna verkefni og fá leiðbeinendur	Hugmyndavinnu skal vera lokið.
37.	Nemendur gera grein fyrir stöðu verkefna.	Skil vinnudagbók
38-40.	Verkefnavinna	Skil vinnudagbók
41.	Nemendur gera grein fyrir stöðu verkefna.	Hér þarf að vera kominn ákveðin mynd á verkefni.
42-43.	Verkefnavinna	Uppkast af skýrslu
44-45.	Verkefnavinna	Skil vinnudagbók
46.	Nemendur gera grein fyrir stöðu verkefna.	Hér á smíði að vera lokið og nemendur fá gagnrýni frá kennurum.
47.	Verkefnavinna	Lokaskil skýrsla og vinnudagbók.
48-49.	Kynning lokaverkefna og skil.	Sýning lokaverkefnis

Dagsetning: 18.08.2019


Undirritun kennara


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils